

Ísmús: Íslenskar mállýskur. Tímaverkefni

Vinnið saman 2-3 í hóp. Opnið **ismus.is**. Farið eftirfarandi leið: *Þjóðfræði > Hljóðrit > Hljóðritunarstaðir*. Þá ætti að opnast heimskort. Skrunið að Íslandi.

Finnið upptökur sem hafa máldæmi um staðbundin framburðartilbrigði. Reynið að finna frásagnir fólks frekar en lög eða vísur. Skrifnið stutta skýrslu þar sem þið takið saman hver heimildarmaðurinn/konan er, hvaða hann/hún er og fæðingarár. Setjið inn hlekkinn að upptökunni og segið stuttlega frá því um hvað er rætt. Svo skulið þið taka saman öll dæmin sem þið finnið fyrir hvert framburðarafrbrigði. Skrifnið stutta umfjöllun þar sem þið svarið spurningunum í samfelldu máli.

Dæmi:

Karl fæddur 1898 úr Svarfaðardal. Sagt frá svip, leiðréttingar við sagnir Jóns Jóhannessonar um Bjarna í Grímu; draumur föður heimildarmanns; Þú sem hræðir börnin blíð
(<https://ismus.is/tjodfraedi/hljodrit/1034300/uppskrift>)

Harðmæli: *Bókinni, grjót, ofl....*

Raddaður framburður: *Prentuð, grunnt, lenti, lampi, blankaklogn, hlunkurinn*

Bð-/gð-framburður: *lagðar, lagðist*

Reynið að finna dæmi fyrir eftirfarandi framburðarafrbrigði

Norðlensk einkenni

- Harðmæli
- Raddaður framburður
- Ngl-framburður
- Bð-/gð-framburður

Suður- og suðausturlensk einkenni

- Hv-framburður
- Skaftfellskur einhljóðaframburður
- Rn/rl-framburður

Vestfirsk einkenni

- Vestfirskur einhljóðaframburður
- Vestfirsk áhersla

Austfirðir og Suðurnes (og víðar)

- Flámæli (hér gæti verið gott að huga að fæðingarári heimildarmanns)

Umræða

- Hvaða afbrigði var auðveldast að finna dæmi fyrir? Hvernig funduð þið þau?
- Hvaða afbrigði var erfiðast að finna dæmi fyrir? Var eitthvað afbrigði sem þið funduð ekkert dæmi fyrir? Hvernig leituðuð þið? Haldið þið að það sé yfirhöfuð til efni á Ísmús með dæmi um þessi afbrigði? Hvernig haldið þið að það sé hægt að finna þau?
- Hvers konar fólk sýndi einkenni framburðarafrbrigðanna? T.d. gamalt eða ungt fólk, karlar eða konur, finnið þið upplýsingar um hvort fólknið var menntað eða ekki?